

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla  
Íslands, við setningu Menningarnætur og vígslu  
Vigdísartorgs  
19. ágúst 2017 kl. 12.30**

Fyrrverandi forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson, góðir gestir.

Það er mér mikil ánægja að ávarpa þessa samkomu sem efnt er til í tilefni af setningu Menningarnætur 2017. Í dag verður formlega tekið í notkun þetta fagra torg þar sem við nú stöndum og gengið hefur undir heitinu Vigdísartorg. Einnig verður undirritaður samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar.

Það er heiður fyrir Háskóla Íslands að setning Menningarnætur skuli að þessu sinni fara fram á háskólalóðinni, nánar til tekið hér á þessu torgi við *Veröldhús Vigdísar*, nýjustu byggingu Háskóla Íslands sem var vígð á sumardaginn fyrsta 20. apríl sl.

Í mínum huga er sérlega vel til fundið að setja Menningarnótt einmitt hér, því Háskóli Íslands er ekki aðeins menntastofnun heldur er hann einnig og ekki síður mikilvæg menningarstofnun. Með því á ég ekki aðeins við að Háskólinn er með margvíslegum hætti virkur þátttakandi í menningarlífi borgarinnar, heldur liggur það í eðli hans sem menntastofnunar að vera jafnframt menningarstofnun. Vissulega er það hlutverk háskóla að afla þekkingar, miðla henni og þjálfa nemendur til að takast á hendur margvísleg hagnýt störf. En háskólum ber ekki síður skylda til að leggja rækt við nemendur sína og stuðla að því að þeir öðlist þroska og verði þannig betri manneskjur.

Mig langar í þessu sambandi að vitna í orð Páls Skúlasonar, prófessors í heimspeki og fyrrverandi rektors Háskóla Íslands, sem því miður lést fyrir aldur fram árið 2015 – orð sem hann flutti í útvarpserindi árið 1994 og bar einmitt heitið *Hvað er menning?*

„Menning“, sagði Páll, „er allt sem mannar mennina, styrkir þá og stælir í baráttu við þau verk sem lífið leggur þeim á herðar. Ómenning er allt sem skemmir mennina, dregur úr mætti þeirra til að lifa lífinu og spillir lífsskilyrðum þeirra. Heilsurækt heyrir til menningar – ofdrykkja er ómenning. (...) Að byggja vönduð hús og fögur er menning – að byggja léleg hús og ljót er ómenning. (...) Að taka til eftir sig er menning – að skilja eftir sig rusl er ómenning.“ Þegar allt kemur til alls, sagði Páll í erindinu, er menning skipuleg viðleitni manna til að takast sameiginlega á við meginlífsverkefni; að læra að skynja veruleikann, læra að framkvæma hluti og læra að staðsetja sig í veröldinni í sambýli við aðra.

Góðir gestir. Á sama hátt og Háskóli Íslands er bæði menntastofnun og menningarstofnun þá er Reykjavík í senn menningarborg og háskólaborg. Það hefur verið sérlega ánægjulegt að starfa með borgaryfirvöldum að margvíslegri uppbyggingu og framfaramálum á síðustu árum, en Reykjavíkurborg hefur einmitt stutt við gerð torgsins hér með myndarlegum hætti, auk þess sem hér á eftir verður undirritaður samstarfssamningur um stuðning við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands. Fyrir þetta vil ég þakka borgarstjóra og tveimur forverum hans.

Kæru gestir, um leið og ég segi þetta torg, sem kallað hefur verið Vigdísartorg, formlega vígt og tekið í notkun vil ég biðja Vigdísar sjálfa um að innsigla þennan viðburð með táknrænum hætti með því að gróðursetja þetta fallega tré sem hér stendur.

Að lokum vil ég þakka öllum sem tekið hafa þátt í undirbúningi þessarar athafnar fyrir þeirra framlag. Takk fyrir.

Kæra Vigdís, gerðu svo vel.